

## Fundur vefsíðunefndar

10.09.2019 – Klukkan 17:20

Mætt eru: Matthías Bjarnason, Matthildur María Guðmundsdóttir og Pálína Axelsdóttir Njarðvík

Fundargerð ritaði Matthías Bjarnason.

1 – Störf nefndar og tilgangur hennar.

- Farið var yfir störf nefndarinnar, tilgangur hennar og markmið.

2 – Umræður um heimasíðu.

- Rætt um heimasíðuna og farið yfir erindi sem að Matthías sendi sveitastjórn.
- Rætt um hvað væri gallað og var á mörgu að taka.
- Hugmyndir um að tengja betur samfélagsmiðla þannig að þeir virki saman.
- Kerfið sem notast er við heitir Drupal, ákveðið að næsta skref er að athuga hvort það sé þjónustuaðili sem notast við Drupal á Íslandi og kanna hvort sá aðili geti bætt og lagað heimasíðuna.
- Nefndin ætlar að kanna hvort það séu aðilar sem notast við Drupal.

3 – Fundartími og næstu fundir.

- Stefnt að því að halda næsta fund 1. október.

4 – Önnur mál.

- Engin önnur mál rædd.